

Sp.

269. Tillaga til þingsályktunar

[122. mál]

um fiskileitarskip.

Flm.: Ásgeir Sigurðsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að ríkisstjórn Íslands láti gera eitt þeirra 15 skipa, sem samþykkt hefur verið að ríkissjóður láti byggja og nota skal til togveiða, þannig úr garði, að það geti fullnægt þörf fyrir fullkomið fiskileitarskip. Skal skipið rekið á kostnað ríkissjóðs í samráði við Landssamband íslenskra útvegs-
manna og atvinnudeild Háskóla Íslands.

Greinargerð.

Það hefur sýnt sig, að mikill tími fer hjá íslenska togarafлотanum í það að leita að afla. Er sýnt, að því stærri og fullkomnari sem flotinn verður, því dýrara verður, að fiskimennirnir sjálfir annist leitina. Getur keppni og tímaleysi oft ráðið um það, að veiðiskipin fari á mis við fiskigöngur, vegna þess meðal annars, að þau sjá sér eigi fært að vera til lengdar á slóðum, þar sem þau fá eigi strax afla að ráði. Það er og alkunna, að aðrar fiskveiðipjóðir hafa sín sérstöku fiskileitarskip, sem svo segja flotanum, hvar fiskjar sé von. Er þörfin talin enn brýnni fyrir sérstök leitarskip, eftir að skipin fóru að vera stærri og dýrari í rekstri. Það leiðir einnig af þeirri staðreynd, að íslensk skip þurfa oft að leita á erlend fiskimið, að við megum eigi vera eftirbátar í þessu efni, ef við eigum eigi að verða undir í samkeppninni. Heppilegast mun vera, að skip það, er til þessa yrði valið, sé dieseltogari, þeir munu ódýrari í rekstri. Á þessu skipi yrði að sjálfsögðu að vera þaulvanur og aflasæll fiskiskipstjóri og sérfræðingar til rannsóknar á skilyrðum hafsvæðanna.